



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 14. september 2020

SFS2019100041

192. fundur

HG/sv/sp

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi skólaakstur úr Staðahverfi

Á 177. fundi skóla- og frístundaráðs, 14. janúar 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hvort að skólaakstur úr Staðahverfi í Grafarvogi verði endurskoðaður vegna fjölda kvartana frá foreldrum og þeirri staðreynd að skólaaksturinn hafi verið að bregðast hvað eftir annað.

Svar:

Skólaakstur var endurskipulagður fyrir skólaárið 2020-2021 og tekur mið af nýju skipulagi á skólastarfi í norðanverðum Grafarvogi.

Frá upphafi skólaárs hefur gengið skólabíll úr Staðahverfi í Engjaskóla og Víkurskóla á morgnana og einnig er skólaakstur við skólalok fyrir þá nemendur í Staðahverfi sem þess óska. Jafnframt hefur verið akstur heim úr frístundaheimilinu Brosbæ í lok dags frá 8. september 2020. Fyrri ferð er kl. 16:30 og seinni ferð 16:45. Þau sem vilja frekar strætókort en að þiggja akstur geta fengið það.